

Þá hefur af hálfu stefnda verið höfð uppi sú varnarástæða, að hver vörutegund hefði átt að vera í sendingu fyrir sig og sendast beint frá seljanda til kaupanda. Ekki er sannað, að af hálfu stefnda væri slíkt tilskilið né samþykkt af stefnanda, nema um sagarblöðin, og hefur stefnandinn tekið á sig sendingarkostnað þeirra frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Verður að fallast á, að eins og þessu var háttað, verði ekki gerðar frekari kröfur á hendur stefnanda, þar sem ekki er um umboðssölu að ræða að dómi réttarins, eins og þegar er fram tekið.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða dóms þessa sú, að taka beri til greina allar kröfur stefnandans, einnig málskostnaðarkröfu hans, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vélsmiðjan Þór h/f, Ísafirði, greiði stefnandanum, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og málskostnað með 1000 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1947.

Nr. 114/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Óskari Sigurvin Ólafssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 219. og 220. gr. almennra hegningarlaga og lög-
gjöf um umferð.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hafa að tilhlutun hæstaréttar verið fengnar skýrslur Magnúsar héraðslæknis Péturssonar og Kristjáns læknis Þorvarðssonar um heilsu-
tjón Þórunnar Hólmfríðar Guðmundsdóttur af slysförum þeim, er í málinu greinir. Kristján læknir kveðst hafa stund-
að Þórunni í febrúar og marzmánuði 1946 vegna afleiðinga

slyssins og rannsakað hana 27. maí s. l. Á fyrrgreindu tímabili árið 1946 kveður hann Þórunni oft hafa verið illa haldna og alveg óvinnufæra. Hún hafi kvartað undan höfuðverk, svima og áköfum hjartslætti, er hún fékk í köstum. Taugarannsókn leiddi þá í ljós minni háttar lömum í vinstri hluta líkamans, vöðvarýrnun var nokkur, einkum í vinstra handlegg, og enn fremur var snerti- og sársaukaskyn vinstri hluta líkamans daufara en hægra megin. Hinn 27. maí s. l. var lömum horfin og snertiskyn og sársauka eðlilegt, en við minnispróf kom greinilega í ljós, að minni Þórunnar hafði sljófgast, enda hafði við rannsókn, sem framkvæmd var í Landsspítalanum í apríl 1946, sézt, að óvenju mikið loft var við yfirborð heilans, en það er einkenni um rýrnun heilbarkarins, og var rýrnun þessi nokkur á öllu yfirborði heilans. Auk minnissljófgunar kvartaði Þórunn hinn 27. maí einnig undan dofa í höfði og að hún hefði höfuðverk öðru hverju, einkum ef hún væri í hávaða eða skarkala. Niðurstaða læknisins er, að Þórunn hafi við slysið fengið alvarlegan áverka á höfuð, heilahristing og sennilega smá blæðingu á heila. Afleiðingar þessa séu rýrnun á heilaberki, sem orsaki minnissljófgun, dofa í höfði og höfuðverk. Minnissljófgunin sé sennilega varanleg, og kunni hún að aukast. Einnig megi gera ráð fyrir, að dofi og verkur í höfði geti haldizt. Starfsorka Þórunnar sé minnkuð, og sé hún einungis fær til léttra og óbrotinna starfa í rólegu umhverfi, er ekki reyni mikið á huga og minni. Samkvæmt þessu áætlað héraðslæknir örorku Þórunnar 25% og telur, að örorkan kunni að verða meiri síðar.

Að öðru leyti er atvikum málsins rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn lagaboðum, er þar greinir, en við ákvörðun refsingar ákærða þykir eiga að hafa hliðsjón af 75. gr. laga nr. 19/1940, að því er varðar brot hans gegn 220. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða bæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna og 39. gr. sbr. 20. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir

hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglan gerði ófullnægjandi athuganir á vettvangi, rannsakaði ekki ástand bifreiðar ákærða og gerði ekki næga gangskör að því að ná ákærða sem fyrst til rannsókna.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Sigurvin Ólafsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. marz 1946.

Ár 1946, fimmtudaginn 14. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 904/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Óskari Sigurvin Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Sigurvin Ólafssyni bifreiðarstjóra, Grjótagötu 14 B í Reykjavík, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. janúar 1917 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1937 $\frac{2}{12}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1941 $\frac{3}{12}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn C-lið 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1945 $\frac{3}{3}$ Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og 3 mánaða ökuleyfissvipting fyrir að vera undir áhrifum áfengis við bifreiðaakstur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 10. nóvember s. l. fór ákærði ásamt konu sinni, Láru Loftsdóttur, í Gamla Bió. Ók hann að kvikmyndahúsinu í bifreið sinni R 115, en sýningin hófst kl. 9. Um 11 leytið fóru þau úr

kvikmyndahúsinu og óku heim til sín að Grjótagötu 14 B, en er þangað var komið, varð ákærði var við, að hann vanhagaði um vindlinga. Fór hann því einn í bifreiðinni að veitingahúsi í Aðalstræti og keypti þá þar. Fyrir utan veitingahúsið hitti hann kunningja sinn, Jóhann Ólafsson, Leifsgötu 6, tók hann upp í bifreiðina og ók honum um bæinn, en skildi síðar við hann hjá Lækjartorgi. Ók ákærði því næst áleiðis heim til sín, vestur Vesturgötu og suður Garðastræti. Á móts við Ránargötu varð konan Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir fyrir bifreið hans. Féll hún í götuna og missti meðvitund, en ákærði, sem segist hafa talið hana dána, hvarf af slysstaðnum án þess að koma henni til hjálpar eða tilkynna lögreglunni slysið.

Skýrir ákærði svo frá, að hann hafi ekki ekið með meiri hraða en 15—20 km hraða, miðað við klukkustund. Var bifreiðin í 2. gír, er hann beygði af Vesturgötu og inn í Garðastræti, en hann kveðst hafa ætlað að setja hana í 3. gír, þegar slysið skeði. Kveðst hann ekki hafa séð konuna, fyrr en um leið og vinstra frambretti bifreiðarinnar rakst á hana. Hemlaði hann þá strax, og stöðvaðist bifreiðin þegar í stað. Reikaði konan aðeins frá, féll upp á gangstétt og lá þar, eins og hún væri dín. Telur ákærði, að hún muni hafa rekið höfuðið í stein eða eitthvað annað á götunni. Götulýsing er þarna slæm, rigning var og götur blautar. Kveður ákærði veður hafa verið frekar hráslagalegt, og minnir hann, að miðstöð bifreiðarinnar hafi verið í gangi, svo þess vegna hafi óvenjulega mikil móða setzt á rúðurnar að innanverðu. Hafi hann verið að strjúka móðuna af með hendinni, um leið og hann kom auga á konuna fyrir framan bifreiðina. Er hún hafði fallið á götuna, fór ákærði út úr bifreiðinni. Var konan þá meðvitunarlaus og með skurð á enni. Hélt ákærði, að hún væri látin, og greip hann mikil hræðsla. Fór hann aftur upp í bifreiðina, ók henni að Garðastræti 17 og skildi þar við hana. Gekk hann því næst aftur til konunnar, og virtist honum þá, sem hún lægi ekki á sama stað og áður, en hafði þó ekki orðið var við nokkra mannaferð. Í þessum svifum bar þarna að bifreiðina R 2280. Kannaðist ákærði við bifreiðarstjóra hennar og kveðst hafa gefið honum merki með hendinni um að nema staðar og beðið hann að aðstoða sig við að koma konunni á slysavarðstofuna. Leit bifreiðarstjórinn á hana, en neitaði þessu og kvaðst mundu fara á lögreglustöðina. Segist ákærði nú hafa ætlað að biða þarna hjá konunni, þar til lögreglan kæmi á vettvang. En meðan hann beið lögreglunnar, var hann gripinn svo miklum ótta og vanlíðan, að hann gat ekki dvalizt lengur á slysstaðnum og gekk því vestur Ránargötu. Sá hann síðar, þegar lögregluþjónarnir komu og fluttu konuna burtu, en gerði ekki vart við sig og hefur enga grein getað gert fyrir, hvers vegna hann gerði það ekki. Ráfaði ákærði nú vestur í bæ og niður að sjó, en fór svo heim til sín. Tjáði þá kona hans hon-

um, að lögregluþjónar hefðu komið tvisvar sinnum og spurt eftir honum og kveðizt mundu koma aftur. Ekki fór ákærði út um nóttina eftir þetta, og lögregluþjónarnir komu eigi aftur heim til hans. Ákærði kveðst munu hafa farið heim til sín, strax eftir að slysið skeði eða skömmu áður en lögregluþjónarnir komu á vettvang, og skýrt konu sinni frá, hvað fyrir hafði komið.

Ákærði kveður sig að öllu leyti hafa verið vel fyrirhallaðan, hvorki þreyttan né svefnþurfa. Áfengi hafi hann hvorki bragðað þenna dag né undanfarna daga. Bifreiðin hafi verið í góðu lagi að öllu leyti, ekkert hafi verið, sem truflaði hann við aksturinn eða dró athygli hans að sér, og hann minnst þess ekki að hafa verið reykjandi.

Vitnið Einar Magnússon bifreiðarstjóri, 30 ára að aldri, hefur borið það og unnið eið að framburði sínum, að ákærði hafi ekki gefið því merki um að nema staðar, heldur hafi bifreiðin R 115 lokað götunni, þar sem hún stóð við hliðina á tveim öðrum bifreiðum, og því eigi hægt að aka fram hjá henni, enda hafi ákærði verið að reyna að reisa konuna upp, þegar vitnið kom auga á hana. Hefur ákærði neitað þessu og kveðst aðeins hafa verið að hyggja að konunni, en ekki ætlað að reisa hana upp. Kveður vitnið ákærða hafa hrópað: „Reddaðu mér, hún hljóp á bifreiðina“, en að hann hafi aldrei beðið það að koma konunni á slysavardstofuna. Svarandi vitnið litlu, gekk til konunnar, þar sem hún lá meðvitundarlaus uppi á gangstéttinni og hagræddi henni, en þorði ekki að setja hana upp í bifreið sína, þar sem konan var meðvitundarlaus, og það vissi ekki, hve mikil meiðsli hennar voru. Kveðst vitnið hafa sagt ákærða að biðja og vera kyrr hjá konunni, því að það ætlaði „að redda honum“. Hafi ákærði lofað því, en á lögreglu eða lögreglustöðina hafi ekki verið minnst. Fór vitnið því næst og sótti lögregluaðstoð, en er komið var aftur á slysstaðinn, var hvorki konan né ákærði sjáanleg.

Taldi vitnið í fyrstu, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, því að hann var náfölnur og óstyrkur, en enga vinlykt fann það úr vitum hans og kveður því vel geta verið, að hann hafi aðeins fengið taugaáfall.

Lára Laufey Loftsdóttir, kona ákærða, 20 ára að aldri, kveður hann hafa komið heim um kl. 12½ og tjáð henni, að slys hefði komið fyrir sig, og þess vegna þyrfti hann að fara út aftur. Hafi hann svo eigi komið heim fyrr en eftir komu lögregluþjónanna og þá farið að hátta, enda verið mjög fölnur og óstyrkur, en áfengis hefði hann eigi neytt þenna dag né undanfarna daga.

Fyrrgreindur Jóhann Ólafsson verkamaður, 25 ára að aldri, hefur borið samhljóða um skipti þeirra, hans og ákærða, og kveðst vera þess fullviss, að ákærði hafi eigi verið með áfengisáhrifum.

Vitnið Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir, Garðastræti 15, 37

ára að aldri, sem varð fyrir bifreið ákærða, segir, að kvöld þetta hafi það verið á leið heim til sín frá Vesturgötu 23. Var það að öllu leyti vel fyrirkallað og hafði ekki bragðað áfengi. Hafi það gengið suður Garðastræti eftir vestari gangstétt og þess vegna orðið að ganga yfir götuna, því að Garðastræti 15 er austan við hana. Kveður vitnið það vera venju sína að ganga suður fyrir Ránargötu og yfir Garðastræti hjá Bárugötu og telur sig einnig munu hafa gert svo í þetta skipti, en man ekki eftir sér frá því að það gekk fram hjá verzluninni Spörtu á horni Garðastrætis og Ránargötu, og þar til það var stött á slysavardstofunni. Man það þó bæði óljóst eftir sér þar og einnig eftir að það var komið á Landspítalann síðar um nóttina, en morguninn eftir vaknaði það um kl. 11. Annars kveðst það hafa sofið stanzlaust í 4 daga eftir slysið.

Lögregluþjónarnir Haraldur Jensson og Kristján Jóhannesson, sem fóru að sækja hina slösuðu konu, hafa borið það, að er þeir komu á slysstaðinn, hafi hún legið um 15 metra frá þeim stað, sem slysið skeði, inni á óbyggðri húslóð skammt fyrir sunnan gatnamót Garðastrætis og Ránargötu, en mjög nálægt þessum gatnamótum var veski hennar og blóðblettur. Bremsuför voru engin sjáanleg þar. Var konan meðvitundarlaus, með óráði og hljóðum, en hjá henni var Jóhann Pétursson, er nú mun dveljast í Danmörku. Kvaðst hann hafa heyrt hljóðin í konunni og því gengið til hennar. Þeir lögregluþjónarnir fluttu hana á slysavardstofuna og þaðan upp á Landspítala.

Haraldur Jensson lögregluþjónn kveður tvo lögregluþjóna hafa farið á slysstaðinn með Einari Magnússyni, en eigi fundið hina slösuðu konu. Um það bil, sem þeir komu aftur á lögreglustöðina, var hringt þangað og tilkynnt, að drukkin kona væri í Garðastræti. Fóru þeir Haraldur og Kristján að sinna þessu og fundu þá hina slösuðu konu.

Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir kveðst hafa fengið mikinn heilahristing, skurð á enni og smáskrámur, legið 5 vikur á Landspítalanum, en þá farið heim. Hinn 24. janúar s. l. kveðst hún enn vera óvinnufær og ekki geta sagt um, hvenær hún verði fær til vinnu aftur. Hún segist mjög gleymín eftir slysið og geti því eigi gætt véla, en þá atvinnu stundaði hún. Sjón sína kveður hún hafa daprazt svo mjög, að fyrst eftir slysið hafi hún oft séð tvöfalt, og sé hún enn ófær til lestrar. Þá kveðst hún hafa orðið svo ónýt í fótum og óstyrk til gangs, að hún hafi ekki getað gengið fyrst í stað og hafi síðan verið í nuddi hjá Karli Jónssyni lækni.

Gunnar Cortes læknir hefur gefið svo hljóðandi vottorð um áverka hennar:

„Þórunn Guðmundsdóttir, óg. verksm., 37 ára, Garðastr. 15, lá á handl. Lsp. 11/XI. 1945 til 15/XII. 1945 incl. Skömmu áður en komið var með konuna, fannst hún að sögn meðvitundarlaus í Garðastræti.

Þegar hún kom á deildina, virtist hún meðvitundarlaus, en er yrt var á hana, svaraði hún greiðlega og rétt, en mundi þó óljóst eftir slysinu. Kastaði einu sinni upp.

Konan var fölleit og dálítið chockeruð, puls óreglulegur og missterkur. Á ofanverðu enni vinstra megin er dál. hæmetomu og húðin hrufuð. Pupilla jafnar og reagera eðlilega.

Engin einkenni um fractur né innri læsionir.

Lá á deildinni rúman mánuð, á fótum seinustu dagana, og var þá orðin vel hress og laus við öll einkenni frá höfði.

Rtg. mynd af cranii: ÷ fractura.

Electoradiogram: Eðlil.

Diagnosis spitalans: commotio cerebri.“

Kr. Jónsson læknir hefur þann 26. jan. s. l. gefið vottorð þess efnis, að Þórunn Guðmundsdóttir hafi verið til lækninga hjá honum frá $1\frac{1}{2}$ 1945 til $1\frac{1}{4}$ 1946 vegna afleiðinga af heilahristingi o. fl.

Þá hefur K. Þorvarðsson læknir gefið vottorð 28. jan. s. l. á þá leið, að hún megi ekki stunda atvinnu sína fyrst um sinn, a. m. k. ekki fyrr en eftir 11. febr. 1946.

Eftir því, sem upplýst er í málinu og greint er hér að framan, verður ekki annað séð en ákærði sé að verulegu leyti valdur að slysi þessu, þó að á hinn bóginn verði ekki talið, að konan Þórunn Hólmfriður Guðmundsdóttir hafi sýnt þá eftirtekt og aðgæzlu, sem krefjast verður af fótgangandi fólki, þar eð hún virðist ekki hafa gætt nægilega að umferðinni, er hún gekk af gangstéttinni í Garðastræti og yfir götuna. Ákærði hefði aftur á móti átt að veita konunni eftirtekt og koma auga á hana fyrr en vinstra frambretti bifreiðarinnar rakst á hana, ef hann hefði verið svo athugull og varkár, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum, enda var hún þá komin að eystri gangstétt Garðastrætis, og hljóta því ljós bifreiðarinnar að hafa fallið á hana nokkru áður. Þá er það vitavert af ákærða að halda áfram akstrinum, eftir að mjög mikil móða hefur setzt innan á framrúðuna og byrgt útsýni, og þurrka hana af í akstri jafnframt því, sem hann kveðst hafa ætlað að setja bifreiðina í 3. gir.

Þykir ákærði með þessu hafa gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940, 26. og 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941 og 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Þá hefur ákærði með því að yfirgefa slysstaðinn án þess að skýra lögregluþjónunum frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa hinni slösuðu konu gerzt brotlegur við 29. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, 9. sbr. 14. gr. umferðarlaganna og 37. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir ákærði einnig með þessu atferli sínu hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og með því að yfirgefa konuna meðvitundarlausu í götu, þar sem raflýsing er slæm, strax eftir slysið án þess þá þegar í stað.

að gera ráðstafanir til að koma henni í sjúkrahús eða annað til læknis og hverfa síðan aftur af slysstaðnum án þess að hafa gengið algerlega úr skugga um, að Einar Magnússon hafi sótt hjálp til aðstoðar konunni, hver svo sem orðaskipti þeirra á milli hafa verið.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá verður að telja akstur ákærða svo mjög vítaverðan og eðli brots hans þannig, að svipta beri hann samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Óskar Sigurvin Ólafsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Hann er sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1947.

Nr. 106/1947. Jón Jóhannsson (Hrl. Sigurður Ólason)
gegn

Valdimar Kr. Árnasyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsnæðismál. Synjað útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem að fengnu gjafsóknarleyfi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. október þ. á., krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá lund, að synjað verði um framgang útburðar þess, sem um ræðir í málinu, og stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.